



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur var haldinn að Digranesgötu 2 þann 4. mars 2024.

Mætt voru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Sölvi G Gylfasons, Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir, Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir og Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl. 17:24
2. Sambandsstjóri bar undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar – fundargerð var send og samþykkt rafrænt
3. Sambandsþing
Farið var yfir stöðuna fyrir þingið og ákveðið reyna að manna allar stöður fyrir þingið en ekki á þinginu eins og venjan hefur verið.

Verkaskipting ákveðin:

- a) Hver merkir við hver eru mætt og deila út hálsböndum – Rakel og Guðrún
 - b) Ritarar nefnda – upp á að hægt sé að skrifa breytingatillögur og annað beint inn í skjalið – Rakel – Sölvi og Tóta
 - c) Finna fulltrúa í kjörbréfanefnd fyrir þingið
 - d) Finna formenn nefnda fyrir þingið – Allsherjarnefnd – Laganefnd Fjárlaganefnd
 - e) Annað? Vantar gjaldkera í stjórn – skoðunarmenn fyrir næsta ár – ein/n/tt í afrekssjóð og varamann. Framkvæmdastjórn sendir póst á uppstillingarnefnd og upplýsir um stöðuna, mun svo fara betur yfir það á fundi með nefndinni sem mun hittast á næstu dögum.
4. ULM- Vantar enn þrjá keppnisstjóra – skoða fyrirtækjalistann, það þarf að finna upplýsingar um netföng þar sem vantar og senda póst. Ómar Bragi var búinn að senda póst sem hægt er að nýta þar sem allar upplýsingar koma fram um hvaða hag fyrirtæki hafa af því að styrkja og auglýsa á ULM.
 5. Kynning frá ÍSÍ vegna svæðisskrifstofanna. Farið var yfir glærur frá ÍSÍ sem útskýra uppbyggingu og hlutverk nýju svæðisskrifstofanna sem verið er að koma á laggirnar.
 6. Önnur mál
Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi slitið kl.19:35